

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Vestmannaeyja, nr. 219 14. desember 1962.

Atvinnumálaráðuneytið, 13. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

**um viðauka við reglugerð nr. 118 9. september 1954,
um sölu og veitingar áfengis.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Álagning samkvæmt 8. gr. skal þó eigi vera hærri að krónutölu en hún var 11. október 1967.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 58 24. apríl 1954, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. febrúar 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 20. janúar 1968 og innheimta á árinu 1968 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
Afsöl fyrir skráningarskyldum skipum eru undanþegin álagi.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla, sem er undanþegið álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 15. febrúar 1968.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Kristján Thorlacius.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 7.05 hver kwst.
2. Um kwst. á kr. 2.58 hver kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 34.30 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verzlunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða 10.55 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 1.50 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 0.65 á mánuði af gólfflatar ferm. íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

3. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.85 hver kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds, krónur 780.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum, kr. 3.75 hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, og kjöt-, eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
 - a. Um kwst.mæli á 1.15 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tíma mesta álags rafveitunnar um hádegis og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 6.75 hver kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en á 1.15 aura hver kwst. utan þeirra tíma.
 - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 6.75 hver kwst. í 1½ klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1. klst. í senn, en 1.10 aura hver kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 1760.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 0.65 aurar á notaða kwst.